

Sjúkrakostnaðartrygging innanlands

Vátryggingarskilmálar nr. ST11

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sér-skilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ST11.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Váttrygging gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Váttryggingarfjárhæð
8. Eigin áhætta
9. Ákvörðun bóta
10. Tvíttrygging
11. Fyrning

1. Váttryggður

Váttryggður er sá sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.

2. Váttrygging gildir

Váttryggingin gildir á Íslandi.

3. Ábyrgðartími

- 3.1 Váttryggingin gildir í sex mánuði frá komu einstaklings til Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, enda hafi félaginu borist fullnægjandi heilsufarsupplýsingar um viðkomandi einstakling.
 - 3.1.1 Þrátt fyrir grein 3.1 getur váttryggingartímabil orðið lengra en 6 mánuðir komi það fram á váttryggingarskírteini og váttryggður nýtur ekki verndar sjúkratrygginga sbr. lög nr. 112/2008. Hámarks gildistími er þó 12 mánuðir.
- 3.2 Ef dvalarleyfi váttryggðs á Íslandi er afturkallað á ábyrgðartímanum fellur váttryggingin úr gildi á þeim degi sem afturköllunin tekur gildi. Váttryggingin fellur einnig úr gildi ef váttryggður flyst af landi brott.
- 3.3 Váttryggingin endurnýjast ekki.

4. Bótasvið

Váttryggingin bætir eftirfarandi sjúkrakostnað sem fellur til á Íslandi:

- 4.1 Kostnað við sjúkrahúsvist að ráði lækni og kostnað vegna almennrar og sérhæfðar þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða, sbr. 18. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, þó ekki á heilsuhælum nema vegna afleiðinga sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni eftir að váttryggingin tók gildi eða slyss sem varð á váttryggingartímabilinu.
- 4.2 Kostnað við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, sbr. 17. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 þó ekki kostnað vegna bólusetninga.
- 4.3 Kostnað við nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum, sbr. 19 gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.
- 4.4 Kostnað við lyf sem váttryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar, sbr. 25. gr. laga um sjúkratryggingar nr.112/2008.
- 4.5 Kostnað vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til váttryggðs og flutningskostnaðar váttryggðs á sjúkrahús, sbr. lið 30. gr. laga um almannatryggingar nr. 112/2008.

4.6 Kostnað vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs váttryggingarinnar enda komi heimalega í stað sjúkráðsvisitar, sbr. 18. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Váttryggingin bætir ekki kostnað:

4.7 Vegna dvalar á fæðingarstofnunum.

4.8 Sem er greiddur er samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

4.9 Vegna slyss sem orðið hefur áður en váttryggingin tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það.

4.10 Vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það.

4.11 Vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.

4.12 Sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts.

4.13 Vegna sjúkdóms sem rót á að rekja til neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra nautnalyfja.

4.14 Vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði.

4.15 Í keppni eða við æfingu til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.

Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólreiðum, þríþraut, víðavangs- og götuhlaupi.

4.16 Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.

4.17 Í akstursíþróttum.

4.18 Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.

4.19 Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.

4.20 Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.

Áhættu samkvæmt gr. 4.15 til 4.20 er hægt að váttryggja sérstaklega.

4.21 Í loftbelgs-, svífængja-, dreka-, svif-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.

4.22 Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.

4.23 Vegna slyss af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

6.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.

6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini og takmarkast heildarbætur á váttryggingartímabilinu við þá fjárhæð.

8. Eigin áhætta

Vátryggður ber eigin áhættu sem kemur fram á vátryggingarskírteini og er vegna samanlagðs kostnaðar þeirra bótaþátta sem eru innan bótasviðs vátryggingarinnar. Fjárhæð eigin áhættu er sú fjárhæð sem vátryggður skal bera á vátryggingartímabilinu umfram lögmeta þátttöku sjúklings í sjúkrakostnaði eins og kann að verða ákveðið hverju sinni samkvæmt lögum eða reglugerð.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur eru greiddar í samræmi við viðeigandi ákvæði laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Vátryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum víðtækari en lögin kveða á um.
- 9.2 Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins eru ekki greiddir úr vátryggingunni.

10. Tvítrygging

- 10.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 10.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 10.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

11. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.